

# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 2002

2. janúar 2002

1

Nr. 1

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. bætast orðin: og breytinga, sem leiða af 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða a. í 7. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001.

2. gr.

Við 3. mgr. 5. gr. bætast tveir nýir töluliðir er orðist svo:

5. Aflaheimildir, sem úthlutað er samkvæmt 4. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001.
6. Aflaheimildir, sem úthlutað er samkvæmt 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða a. í 7. gr. laga nr. 129, 20. desember 2001.

3. gr.

Við 1. málslíð 7. mgr. 10. gr. bætist: þó skal einungis heimilt að flytja 30% krókaafmarks.

4. gr.

Í stað: „febrúar 2002“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. reglugerð nr. 895, 28. nóvember 2001, komi: 1. mars 2002.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga 38. 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 129, 20. desember 2001, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

2. janúar 2002

Nr. 2

## REGLUGERÐ

**um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i> <i>kg</i>	<i>Verðtollur</i> <i>%</i>	<i>Magntollur</i> <i>kr./kg</i>
0703.1001	Laukur	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0703.1009	Skallottlaukur	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat á öðrum tíma	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.2100	Kaffifífilblöð	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.2900	Annað	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0706.9009	Annars	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0707.0022	Reitagúrkur	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0708.1000	Ertur (Pisum sativum)	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0708.2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0708.9000	Aðrir belgávextir	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.1000	Jarðartískokka	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.5200	Tröfflur	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.6001	Allrahanda (pimento)	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmaís	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9003	Ólífur	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	02.01.-31.12.02	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast gildi 2.

2. janúar 2002

3

Nr. 2

janúar 2002 og gildir til og með 31. desember 2002. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 788/2001 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 439/2001 um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. janúar 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Sigríður Norðmann.*

2. janúar 2002

Nr. 3

## AUGLÝSING

**fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2002.**

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 31. júlí 2002 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2002.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 2002.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

2. janúar 2002

Nr. 4

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 970, 24. desember 2001,  
um sérstakar ráðstafanir vegna krókabáta.**

1. gr.

Í stað: „15. janúar“ í 5. gr. komi: 1. febrúar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*